

- b) Vatnsgjald kr. 8,34 á ári pr. m<sup>3</sup>. Þó skal reikna hálf gald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum. Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

7. gr. hljóði þannig:

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 13 195,00.

Hús 400—2 000 m<sup>3</sup> kr. 13 195,00 fyrir 400 m<sup>3</sup> og kr. 11,38 á hvern rúmmetra þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m<sup>3</sup> kr. 30 744,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> og kr. 9,13 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðst við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisheilm umfram einn á sama inntaki er kr. 1 744,00.

11. gr. hljóði þannig:

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennslis heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, auk kr. 130,00 í hvert skipti.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1 maí 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella nr. 460 1. nóvember 1979.**

4. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

- a. Samkvæmt magnhemli kr. 282,30 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
- b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 9,80 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Á gjöld þessi leggjast skattar samkvæmt reglum á hverjum tíma.

Pegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatns-nota getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Í 7. gr. breytast eftirtaldar stærðir:

a liður:

Fa verður 10 813,0.

Ba verður 11,24/m<sup>3</sup>.

b liður:

Fb verður 13 543,00.

Bb verður 15,85/m<sup>3</sup>.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. maí 1982 sbr. auglýsingu nr. 221/1982 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. maí 1982.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Seyðisfjarðar.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

##### 2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

#### II. KAFLI

##### 3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 0,36 fyrir hverja kíló-wattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 3,17 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 21,13.

Þessi gjöld eru miðuð við gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins frá 1. maí 1982.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

##### 4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reikninga eða tilkynningar um reiknings-upphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

##### 5. gr.

Heimðagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

a) Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitu fyrir árslok 1981 og tilheyrir I. áfanga verksins og það húsnæði fyrirhugaðs II. áfanga sem tengist eigi síðar en 6 mán. frá verklokum hans, greiðist heimðagjöld, sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis ..... kr. 13 203,00  
Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 ..... kr. 16,80